

STJÖRNULÍFFRÆÐIN OG SPÍRITISMINN

I

Robert Henseling heitir þýskur vísindamaður, sem mikla stund hefir lagt á að fræða almenning um stjörnurnar. Heitir aðalrit hans *Astronomie für Alle*, 1928 stór og mikil bók. En það síðasta, sem ég hefi séð eftir hann, er fylgirit með náttúrufræðitímaritinu *Kosmos* 1939 og heitir: *Laienfragen an einen Sternkundigen*, og svarar hann þar ýmsum spurningum, sem lagðar hafa verið fyrir hann. Síðasti kafli þess rits heitir: *Überfrage Wissenschaft: Vísindin spurð um meira en þau geta svarað*. Er þar ein spurningin þannig: „Er til mannkyn á öðrum stjörnum?“ Vitnar Henseling í svari sínu í Kant, hinn mikla heimspeking, sem í riti sínu *Náttúruga himinsins* (1755), lætur í ljós þá skoðun, að flestar jarðstjörnur muni byggðar vera, og telur líklegt, að „hin ódauðlega sál mannsins“ eigi fyrir sér að fá að kynnast alheiminum. — Kant var yngri samtíðarmaður hins ágæta Swedenborgs (1688-1772) —. En niðurstaða stjörnufræðingsins verður sú, að gagnvart þessari spurningu verði engum vísindum við komið.

II

Þetta er nú samt misskilningur, eins og ýmis önnur vantrú á möguleika vísindanna. En að vísu er svarsins að leita í aðra átt en horft hefir verið, eins og nú skal nokkuð af sagt. Það hefir komið fyrir eigi allsjaldan á miðilfundum — samkomum höldnum til að fá samband við framliðna — að af vörum hins sofandi miðils talar einhver, sem ekki er framliðinn, heldur á lífi ennþá hér á jörðu. Hafa ýmis slík dæmi verið vel rannsökuð. Virðist það ekki gera neinn mun, hvort hinn lifandi maður sem fram kemur í miðlinum, er í öðru

húsi, annarri borg, eða annarri heimsálfu. Fjarlægðin virðist ekki koma til greina þar sem um þetta furðulega sambandsástand er að ræða. Ef nú vísindalega er að verið, verður ekki hjá því komist að spyrja hvort ekki sé þá líklegt, að fá megi með tilstyrk miðils, samband við íbúa stjarnanna, ef á annað borð eru til aðrar jarðstjörnur mönnum byggðar eða svipuðum vitverum. Og þegar vér síðan förum að athuga þetta mál nokkru nánar, finnum vér að þetta er ekki einungis líklegt, heldur fullkomlega víst. (Þó að sumum kunni að koma það undarlega fyrir sjónir, þá er það víst, að vissan er stórum vísindalegri en efasemin og eintómar efasemdir hafa aldrei leitt til stórra uppgötvana. En það sem muninn gerir er, að hve miklu leyti menn hafa hæfileikann til að vera ekki vissir fyrr en rétt er að vera það). Vér getum nú við rannsókn á þessu gengið alveg úr skugga um, að það sem menn hafa talið samband við anda framliðinna, er langoftast samband við íbúa einhverrar annarrar jarðstjörnu. En þaræð þessir íbúar annarra jarðstjarna halda því fram, svo að erfitt er að rengja, að þeir séu framliðnir héðan af jörðu, komumst vér að þeirri niðurstöðu, að lifað sé áfram á öðrum jörðum, eftir dauðann á þessari. Verður þá annað líf ekki líf í öðrum heimi heldur verður framlífið á öðrum jörðum þessa sama heims. Og hvernig, ætti að öðrum kosti, lífið hér á jörðu að geta verið undirbúningur undir það sem á eftir kemur?

III

Vorið 1913 var ég að lesa rit eftir Swedenborg um líf framliðinna í hinum andlega heimi, er hann nefnir svo (mundus spiritualis). Kom mér þá í hug, eitthvert sinn, að verið væri að lýsa lífi á annarri jarðstjörnu, í öðru sólhverfi. Þótti mér þetta, sem von var, stórum merkilegt og ásetti mér að reyna að rannsaka það eftir því sem ég gæti, og sjá hvort komist yrði að öruggri niðurstöðu. Og við þetta hefi ég umfram allt verið að fást, öll þau ár sem síðan eru liðin og árangurinn er sá, að ég er óbifanlega sannfærður um, að ég hafi nú öðlast náttúrufræðipekkingu á lífinu eftir dauðann, og get ég

ekki af neinu sem mér er kunnugt, séð að nokkur hafi það áður gert. Hefi ég við þetta fengist af því að ég sá að þarna var rannsóknarefni sem varð að sinna, en ekki af því að áhugi minn á jarðfræði og annarri náttúrufræði hafi neitt dofnað.

Furðu nokkurri gegnir hversu fastheldnir ýmsir þeir sem eru þess þó fulltrúa, að þeir hafi haft samband við framliðna, geta verið á það, að lífið eftir dauðann sé einungis andlegt líf í andaheimi, og þar af leiðandi algjörlega óskiljanlegt. Því að það kemur eigi allsjaldan greinilega í ljós, að andarnir, sem menn hyggja vera, eru einmitt að berjast við að koma sambandsleitendum í skilning um, að þeir eigi heima, ekki í neinum andaheimi, heldur á jarðstjörnu. Sérstaklega skýrt og skemmtilega er frá þessu sagt í bók, sem heitir „Where the „dead“ live“ (útg. Arthur H. Stockwell, London). Á miðilfundi, sem haldinn var nokkrum vikum eftir að 1. hefti Nýals var komið út, var spurt: „Munum vér nokkurntíma geta haft samband við aðrar jarðstjörnur?“ Og andinn, sem fundarmenn halda að sé, svara þannig: „Er ekki þetta [að ég tala við ykkur] slíkt samband?“ (s. 64).

Því miður virðast þó þeir sem þetta svar fengu, ekki hafa veitt því eftirtekt, hversu stórmerkilegt það er. Og því miður verð ég að gera ráð fyrir, að eigi allfáir af lesendum mínum veiti því heldur ekki eftirtekt.

IV

Nú í vetur sem leið kom hér út bók eftir kunnan enskan spíritista, prestinn C. Drayton Thomas, er heitir „Í afturelding annars lífs“, þýtt hefir Einar H. Kvaran og synir hans. Mér hefir virst sem nokkuð gott mætti af því hljóta, að ég reyndi til að veita mönnum nokkra hjálp til að lesa bók þessa sér til gagns. En allt sem miðar að aukningu greindarinnar er til gagns, og ekki síst í þessum efnum; því að hinar röngu hugmyndir sem ráðandi eru um lífið eftir dauðann, eru til mikils farartálma, þegar „yfírum“ kemur. Og eins eru þær því til fyrirstöðu, að samband takist hér á jörðu við það

líf á stjörnunum, sem jafnframt er líf eftir dauðann. En að það samband geti tekist og orðið sem fullkomnast, er hin mesta nauðsyn. Í bók þessari sem ég gat um, segir Thomas fréttir af ýmsum framliðnum, og er þar einna fróðlegastur vinur hans, sem hafði verið prestur eins og hann, en einnig „doktor í náttúruvísindum“. Gerir hann mjög eftirtektarverða tilraun til að fræða Thomas um, að það sé rangt að tala um andaheim og tvo heima, því að veröld framliðinna sé aðeins annar hluti efnisheimsins. Thomas segir: „Hinn framliðni prestur minntist á þá ánægju sem ég og aðrir hafa af því að komast í samband við menn í öðrum heimi, og hann líkti henni við ánægju, sem hann hefði nú af því að komast í samband við efnisheiminn.“ Orðalag Thomasar, bæði þarna og annarsstaðar, sýnir glögglega, að það sem hinn framliðni prestur og náttúrufræðingur er að reyna að kenna honum, hefir ekki bitið mikið á hann. En þetta er það sem Thomas hefir eftir honum: „Það er eins og oss sé ætlað, að missa ekki af öðrum heiminum, þegar vér erum komnir inn í hinn. Ég held að þessir tveir heimar séu í raun og veru ein veröld. Ég er að reyna til að gera mér grein fyrir [á líklega öllu heldur að vera: gera þér grein fyrir] að veröld guðs sé ein heild. Höfum við ekki hugsað of mikið um, að heimarnir séu tveir, þar sem bæði veröldin uppi og veröldin niðri (!) eru í raun og veru einn heimur? Ég vildi óska, að mennirnir gætu gert þá að sama heiminum, svo að meðan þeir lifa í öðrum þeirra, viti þeir meira og meira af hinum.“

Eftirtektarvert er hið klaufalega orðalag sem er á þessu eins og svo mörgu öðru sem eftir framliðnum er haft, og má ekki kenna það óljósri hugsun hins framliðna, heldur miklu fremur hinum röngu hugmyndum viðtakanda. En það sem hinn framliðni prestur vill fá fram, er auðsjáanlega það, að hann óskar þess að mennirnir gætu skilið, að ekki er nema um einn heim að ræða, og að þekkingin á því, er skilyrði fyrir nauðsynlegu sambandi við framliðna. Síðan heldur hann áfram: „Ég er neyddur til að tala um tvo heima, vegna þess mismunar sem er á hugmyndum okkar um mismunandi svið heildarinnar.“

Þetta er vissulega fróðlegt þegar það er nógu vísindalega lesið. Og þá ekki síður það sem á eftir kemur: „Þá lét hann uppi þá skoðun, að vér hugsum og tölum með sama hætti í báðum heimunum (!) og því næst fór hann að halda því fram, hve hentugt það væri, að líta á jörðina sem fyrsta sviðið, eða líkt og lægra jarðlag, og að uppi yfir henni væru ólík stig siðfágunar.“

Þannig er þá árangurinn af tilraun hins framliðna prests og náttúrufræðings til að koma séra Thomasi í skilning um, að hin ýmsu stig lífsins eftir dauðann, sem spíritistar nefna andasvið, eru í raun réttri líf á ýmsum jarðstjörnum. Glögg og skemmtilega bending um þetta kemur fram í því sem á eftir segir: „Hann bætti því við, að hann hefði lagt nokkuð á sig til að kynna sér landafræði þess umhverfis sem hann væri nú í.“ (S. 92-93).

V

Ennþá alvarlegri verður þó misskilningurinn síðar, og svo, að sá sem ekki veit hið rétta, getur naumast rennt í grun við hvað er átt. S. 94 segir Thomas: „Fáum vikum síðar talaði doktorinn aftur við mig. Hann byrjaði á því, að skýra fyrir mér hugmyndir sínar um trancesamband og grundvallaratriði þess. Hann talaði líka um það, hvað hann héldi að gera mætti til þess að undirbúa væntanlega fundarmenn í því skyni að gera sambandið auðveldara.“ Þ. e.: eftir að hinn framliðni prestur og náttúrufræðingur hefir reynt að fá vin sinn til að skilja, að hann á ekki heima á neinu andasviði, heldur á annarri jarðstjörnu, reynir hann að útskýra fyrir honum, að sambandsástand miðilsins („trancesamband“) er nokkurskonar svefn. En árangurinn er ennþá minni en áður. „Þegar hann hafði lokið máli sínu um það efni“ — heldur Thomas áfram — „lét hann uppi þá ósk, að tala um núverandi líf sitt. Það var eitt af því fyrsta“ — segir hinn framliðni, s. 95 — „sem mér þótti merkilegt þegar ég vaknaði [eftir dauðann] hvað allir og allt umhverfis mig var áþreifanlegt. Ef til vill get ég líkt þessu við drauma. Draumarnir eru aðeins bráðabirgða-tilvera... efni draumanna hefir ein-

göngu bráðabirgðatilveru; en efni andaheimsins (!) sem að sumu leyti samsvarar efni draumanna, hefir verið til um milljónir ára. . . Draumurinn er uppspuni ímyndunaraflsins, framleiddur með slíkum veruleikablæ, að vér getum þá ekki hugsað oss annað, en að hann sé sannleikur; en andaheimurinn hefir allan tímann verið skapaður með þessum hætti.“

Það sem hinn framliðni er þarna að reyna til að fræða um, er nú sennilega það, að draumar vorir eru einmitt ekki uppspuni ímyndunaraflsins, heldur fáum vér í þeim, af því að svefninn er í eðli sínu sambandsástand, eins og „trance-samband“ andamiðilsins, vitneskju um lífið á öðrum jarðstjörnum, eða það, sem spíritistar hyggja vera líf í andaheimi.

Hinn framliðni heldur þannig áfram: „Mjög snemma [eftir að yfirum kom] fór ég að leggja þessa spurningu fyrir sjálfan mig: Hvernig stendur á því, að hér virðist ég vera á fastri jörð; og að ég sé velli og land með trjám, sem sýnast eins veruleg eins og nokkurt tré, sem ég hefi nokkru sinni séð á jörðinni? Vinir mínir og skyldmennir heimsóttu mig. . . ég sá þessa ástvini mína aftur og heilsaði þeim og þeir heilsuðu mér. Ég sá bláa litinn í augum þeirra, hörundslitinn og hárið; allt virtist vera alveg eins og þegar þeir voru á jörðinni, að því undanteknu, að þeir voru nú á besta aldri, en alveg fastir fyrir og verulegir voru þeir.“

Hér er enn verið að reyna til að fræða um það, að framliðnir eru ekki andar, og veröld þeirra ekki andaheimur. Í sama strenginn tekur Etta, systir höfundarins, og faðir hans, sem bæði eru flutt til annarrar stjörnu. Yrði langt mál að segja frá því, og hefi ég nokkuð að því gert í annarri grein. Ég ætla hér aðeins að minna á, að Etta segir um líkama sinn eftir dauðann, að hann sé efnislíkami „it is composed of chemical matter of some kind. . . .“ Er þar verið að reyna til að vinna bug á þeim misskilningi, að framlífslíkaminn sé einungis anda- eða „eter“-líkami. (C. Drayton Thomas: *Life Beyond Death*; with evidence s. 112). Og í sömu bók s. 127 segir faðir höfundarins: „Do not eliminate the word „physical“ from your idea of our world; it would be inaccu-

rate to describe earth as a physical world and ours as the spiritual life. For you can have the spiritual on your earth, and we certainly have much of the physical on ours. For instance, we live in an atmosphere which is chemical and therefore physical.“

Parna varar hinn framliðni Thomas son sinn við því, að halda að lífið eftir dauðann sé eingöngu andlegt líf, og herðir síðan á og segir alveg greinilega, að hann eigi nú heima á annarri jörð.

En þessi sonur lætur sér ekki segjast. Allar þessar tilraunir föður hans og annarra framliðinna til þess að koma honum í skilning um þau undirstöðuatriði sem ómissandi er að vita, ef framför á að geta hafist í þessum efnum, reynast árangurslausar. Hann heldur áfram að ímynda sér að framliðnir séu andar, með einungis andlegan eða „eter“-líkama, og að heimarnir séu tveir, efnisheimurinn og andaheimurinn. Og sama er því miður að segja um nálega alla spíritista aðra.

VI

Það eru nú orðin mörg ár síðan ég hóf tilraun mína til að vekja eftirtekt á því, hversu víða og glögglega kemur fram í því, sem haft er eftir framliðnum, viðleitni á fræðslu, sem brýtur mjög í bág við hinar ráðandi skoðanir spíritista; og hversu stórmerkileg og lærdómsrík þessi fræðsla er. Því að hún nægir, ef hún er rétt metin, eigi einungis til að taka af allan efa um líf eftir dauðann, heldur einnig til þess að koma oss í skilning um hvernig því lífi er í aðalatriðum háttað. Og fer þar að vísu furðuleiki sannleikans mjög langt fram úr öllu því sem menn hafa ímyndað sér. Ætla mætti nú, að ég hefði átt auðsótt mál gagnvart þeim, sem trúa á samband við framliðna, þar sem ég gat bent á, hversu mjög ýmislegt sem eftir framliðnum er haft, er í samræmi við kenningar mínar. En þó hefir þetta reynst öðruvísi. Einn og annar ritstjóri í ýmsum löndum og heimsálfum hefir að vísu farið vingjarnlegum orð um mig og starf mitt, og það jafnvel svo, að oftast en einu sinni hefir mátt sjá haft um mig orðið „illustre“, sem menn tengja annars ekki við nafn vísinda-

manna, nema þeir telji þá mjög framúrskarandi. En menn hafa ekki látið sér skiljast, að ég var að leiða í ljós sannleika, sem ekki nokkur skuggi af vafa getur leikið á, ef menn aðeins hafa lagt á sig það andlega átak, sem þarf til að átta sig á honum. Og eins og marka má af bók Henselings, sem ég gat um í upphafi þessa máls, þá hafa stjörnufræðingarnir ennþá ekki uppgötvað þessa tilraun mína til að setja líffræðina í samband við hin svo háleitu vísindi þeirra. En þó er það fullkomlega víst, að þarna er um að ræða þekkingarauka, sem mun hafa margfalt stórkostlegri afleiðingar en nokkuð, sem áunnist hefir í vísindum áður, sannleika sem duga mun til að bjarga því mannkyni sem nú er á glötunarbarmi, og ekki mun eiga sér viðreisnar von, ef þessi sannleikur verður ekki þeginn. En þenna sannleika, sem enginn trúarbragðahöfundur, enginn af hinum svokölluðu frelsurum mannkynsins, hefir haft neina hugmynd um, var ekki hægt að uppgötva fyrr en þekkingin á heiminum og náttúrunni var komin á það stig, sem á vorum dögum hefir náðst. Og með þeim þekkingarauka er komist á veginn, þann veg sem að vísu er sannleikurinn og lífið, það líf sem sífellt þróast til meiri fullkomnunar, og aldrei fær að reyna afturför, hvað þá dauða. En hið hryllilega ástand sem nú ræður á þessari jarðstjörnu, sýnir glögglega hvað það er sem helst einkennir hagi mannkyns, þar sem hinn bjargandi sannleikur hefir að vísu boðaður verið, en ekki þeginn.

VII

Eftir að ég hafði samið þetta sem að framan greinir, eignaðist ég bók sem finna má í sitthvað, sem ennþá glögglegar styður mál mitt en það sem ég hefi nefnt hér áður. Bók þessi heitir: More about the After-life (Enn um lífið eftir dauðann), og er eftir nafnkunna lærdómskonu og háskólakennara, dr. Rhys Davids. Einnig maður þessarar vísindakonu var háskólakennari. Þau hjónin áttu son, mikinn efnismann, sem var flugmaður í ófriðnum 1914-18, og féll í loftorustu. Frú Davids fékk samband við son sinn framliðinn, og síðan ýmsa aðra, og hefir sagt mjög fróðlega frá því í 2

bókum „What is your Will“, og þessari sem ég nefndi. Sonur frúarinnar segir henni, að hann hafi haldið áfram skólanámi eftir að yfirum kom, lært cricket betur en hér á jörðu, og verið útskrifaður frá háskóla eftir 2 ár. Því næst hafi hann haldið áfram að æfa sig í flugi og m. a. flogið í kringum þann heim sem hann lifir í nú, eins og menn eru nú að fljúga í kringum jörðina. Af þeim framliðnu sem við frúna tala, er Newton fróðlegastur, og segir m. a.: „Jörðin [þ. e. a. s. mannkynið hér á jörðu], er, hvað áhuga snertir á þessum efnum [þ. e. lífinu eftir dauðann], hálfsofandi. Vér höfum aðeins sagt ykkur fátt eitt. Oss langar mjög mikið til að segja meira. Sá dagur mun koma, að mannkynið mun vakna við þessu og þá getum vér sagt yður miklu meira.“ Newton mótmælir harðlega einni uppáhaldshugmynd spíritista, sem einkum sá vísindamaður sem spíritistum að vonum þykir mjög mikill stuðningur í, þar eð hann er heimskunnur eðlisfræðingur, Sir Oliver Lodge, hefir haldið mjög fast fram. En Newton segir: „Vér erum engan veginn í líkama, sem gerður sé af ether (ljósvaka). Maðurinn er í næsta heimi í líkama, sem gerður er af holdi og blóði.“

Það kann að virðast undarlegt að þrátt fyrir þetta hefir hin mikla vísindakona ekki skilið, að það er verið að segja henni frá því, að lífið eftir dauðann, er líkamlegt líf á annarri jörð. Og það er vitanlega einmitt þessi vöntun á undirstöðuskilningi, sem veldur því, að hinir framliðnu geta ekki sagt frúnni nema fátt af því, sem þá langar til að fræða hana um. Til dæmis um misskilninginn má nefna þetta: Newton segir að máttur viljans sé svo mikill, að menn geti á augnabliki flutst til jarðarinnar, ef þá langar til að koma þar fram: „The transfer is for us the matter of a moment“. En ef vér viljum fara til Indlands [þ. e. þess lands sem á þeirri jörð, sem hann er á nú, svarar til Indlands á vorri jörð] þá er viljinn einn ekki einhlítur, og það er verið heilan dag á leiðinni. Af því sem Newton segir síðar, kemur í ljós að farið er í flugvél. En í því sem fyrr segir, er hann bersýnilega að tala um hugsamband hnatta á milli, og að vísu er þar um nokkurskonar geislun að ræða, sem með tilstyrk jarðarbúa getur

framleitt svip eða jafnvel líkamning, sem á sér þó aðeins stuttan aldur. Þetta er vissulega mjög fróðlegt fyrir þá, sem gera sér nokkurt far um að nota í þessum efnum hæfileika sína til að draga ályktanir. En á þessu sviði er það ekki síst, sem á við það sem hinn ágæti Kepler hefir sagt um það, hve mjög ríður á að vera frjálshuga (*libero animo*) og láta ekki tjóðrast af röngum sannfæringum, eins og þeir gera á svo háskalegan hátt, sem halda því fram, að þar sem um er að ræða líf eftir dauða, sé ekkert hægt að vita, þar verði engri rannsókn við komið; og að vísu einnig þeir, sem halda að raunar megi fá sannanir fyrir því, að lífið haldi áfram, en um það hvernig því lífi sé háttað, sé engin leið að vita neitt, af því að það sé eingöngu andlegt, og um tíma og rúm sé þar ekki að ræða. Þeir sem áhuga kynnu að hafa á því að skilja, hve eðlilegt er að einmitt náttúrufræðingur hafi sérstakan hug á að rannsaka lífið eftir dauðann, gætu haft mikið gagn af því að lesa ritgerð sem heitir Glasir og kom í tímaritinu Eimreiðinni vorið 1938. Og engum sem skilja vill, mun geta blandast hugur um, að einmitt náttúrufræðileg þekking — eða með öðrum orðum: sannleikurinn — í þessum efnum, mun verða til þess að gjörbreyta á skömmum tíma högum mannkynsins á þessari jörð.

26. 5. '40.